

á því að læra og færa okkur það í nyt, sem getur hjálpað okkur til þess.

---

### TIL GAMANS.

*Hann fékk það.*—Maður nokkur í New York var vanur um heitasta tímann að fara út á land með fjölskyldu sína til bónda nokkurs. Einu sinni skrifar hann bónda, áður en hann leggur á stað, og segir honum, að það sé ýmislegt, sem sig langi til að hann breyti, ef hann eigi að koma með fjölskylduna. Það sé nú vinnustúlkan, hún Marta. Þau hjónin kunni ekki við hana. Og svo sé það svínastílan. Það sé hreint ekki þolt að hafa hana svona nærrí húsinu.

Bóni sendir svar-bréf um hæl og segir: Marta fór frá okkur í gær. En svín hafa engin verið hjá okkur síðan síðast-liðinn September að þið fóruð frá okkur.“

---

*Það útskýrði það.*—Maður nokkur vel til fara settist á bekk í skemtigarði einum. Þegar hann er búinn að sitja þar stundarkorn, tekur hann eftir drengmokka, sem liggur í grasinu örskamt frá honum grafkyrr. Manninn furðar á þessu, og hann spyr dreng, því hann liggi þarna; því hann sé ekki að leika sér með öðrum krökkum. Drengur svarar, að hann sé að bíða eftir því, að hann standi á fætur; því bekkurinn, sem hann sitji á, sé nýmálaður.

---

„*Sameiningin*“ kemr út mánaðarlega. Hvert númer tvær arkir heilar. Verð einn dollar um árið. Skrifstofa 118 Emily St., Winnipeg, Canada. „*Börnin*“—barnablaðið nýja—er sérstök deild í „Sam.“, hálf örkl. *Address* ritstjóra „Barnanna“: Selkirk, Man. — „*Börnin*“ koma og út sérstaklega—og eru seld fyrir 35 ct.

---

Hr. *Sigrbjörn A. Gislason* í Reykjavík er aðal-umboðsmaðr „Sam.“ á Íslandi.

Hr. *Jón J. Vopni* er féhirðir og ráðsmaðr „Sam.“ og „Barnanna“.

*Address:* Sameiningin, P. O. Box 689, Winnipeg, Man. Canada.